



Alþingi
Erindi nr. P 135/1940
komudagur 31.3.2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

31. mars 2008

Efni: umsógn um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, 432. mál

Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Frumvarpið felur í sér nokkur efnisatriði sem sum hver koma fram í sambandi við breytingar á mismunandi lögum og lagagreinum. Fremur en að fjalla hér um einstakar greinar frumvarpsins verður hér á eftir fjallað um helstu efnisatriði þess með vísan í umræddar greinar.

1. Framsal á eignarhaldi auðlinda sem þegar eru í opinberri eigu verði óheimilt, nema til annarra opinberra aðila eða félaga í opinberri eigu. Gildir um virkjanlegt vatnsafl umfram 7 MW og um jarðhita og grunnvatn umfram heimilis- og búþarfir. 1., 8. og 13. gr. Að mati Samorku er engin ástæða til að einskorða þetta eignarhald við opinbera aðila, ekki nú fremur en verið hefur frá því land byggðist. Stjórnvöld hafa öll tækifæri til að stýra nýtingu þessara auðlinda með einfaldri löggjöf og reglusetningu. Orku- og veitufyrirtæki lúta í dag ítarlegu eftirliti opinberra aðila á borð við Orkustofnun og úrskurðarnefnd raforkumála og því vandséð mikilvægi þess að auðlindirnar séu jafnframt í opinberri eigu. Varðandi sveitarfélögin er hins vegar býsna langt gengið með þessum ákvæðum, að mati Samorku. Í athugasemdum frumvarpsins er að finna álit Friðriks Más Baldurssonar prófessors og Nils-Henrik M von der Fehr prófessors, þar sem segir meðal annars:

Takmörkun á eignarhaldi og framsali auðlinda takmarkar möguleikana á því hver nýtir auðlindirnar og með hvaða hætti það er gert. Slíkar takmarkanir hafa neikvæð áhrif á efnahagslegt virði auðlindanna og hagkvæmni í nýtingu þeirra. Hversu víðtæk þessi áhrif eru er háð því hvernig takmörkunum er háttáð og hvort og þá hvernig unnið er gegn þessum neikvæðu áhrifum með ákvæðum og samningum um bætur og með reglusetningu um umgengni um auðlindirnar.

Erfitt er að réttlæta slíka skerðingu á verðmætum í eigu sveitarfélaganna, en samþykkt frumvarpsins þýðir verulega niðurfærslu á efnahagslegu virði veitufyrirtækja í eigu sveitarfélaga um land allt. Samorka hlýtur að andmæla þeim gerningi. Loks vaknar hér spurning um skilgreiningu á ríki, sveitarfélagi og fyrirtækjum í eigu þeirra. Er eingöngu átt við íslenska ríkið, íslensk sveitarfélög og fyrirtæki í þeirra eigu? Er hægt að útiloka aðra sambærilega aðila innan hins Evrópska efnahagssvæðis? Getið hvort sem er Belgía eða Birmingham keypt slíkar auðlindir hér, eða fyrirtæki í eigu t.d.



Grenoble eða gríska ríkisins? Samorka leggst gegn þessu ákvæði í 1., 8. og 13. gr. frumvarpsins.

2. Flutningsfyrirtæki raforku, dreifiveitur raforku og hitaveitur skuli ávallt vera að lágmarki að 2/3 hlutum í eigu opinberra aðila eða fyrirtækja í opinberri eigu. 4., 5. og 12. gr. Hér vísast til fyrri umræðu í 1. málslið, um eignarhald á auðlindum. Stjórnvöld hafa öll tækifæri til að stýra starfsemi þessara fyrirtækja með einfaldri löggjöf og reglusetningu, þar með talið föstum tekjuramma. Þessi fyrirtæki lúta í dag ítarlegu eftirliti opinberra aðila á borð við Orkustofnun og úrskurðarnefnd raforkumála og því vandséð mikilvægi þess að þau séu jafnframt í opinberri eigu að 2/3 hluta eða meira. Við núverandi lagaumhverfi er t.d. nokkurn veginn ómögulegt að reka dreifikerfi raforku með arðsömum hætti enda ekki orðið vart við mikinn áhuga einkaaðila á að fjárfesta í slíkum rekstri. Með vísan í fyrri tilvitnun í álitserð hagfræðiprófessora í athugasemdum frumvarpsins er hins vegar engu að síður verið að takmarka mögulegt framsal og þannig að rýra efnahagslegt virði þessara fyrirtækja. Samorka hlýtur a.m.k. að leggjast gegn því að lagasetning Alþingis rýri þannig eignir umræddra sveitarfélaga t.d. í hitaveitum.

3. Heimilt verði að veita afnotarétt að réttindum til allt að 65 ára í senn. 1., 8. og 13. gr. Vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir hafa langan líftíma sem lengja má með reglulegu viðhaldi. Hætt er við að handafi afnotaréttar hætti að sinna viðhaldi þegar nær dregur lokum á rétti hans til nýtingar. Samorka mótmælir því þessum ákvæðum og leggur til að þeim verði breytt þannig að veita megí afnotarétt til a.m.k. 100 ára. Þá verði bætt inn ákvæðum þess efnis að taka megí afnotaréttinn upp til endurnýjunar innan tuttugu ára fyrir lok umsamins leyfistíma, í því skyni að tryggja eðlilegt viðhald þessara dýru mannvirkja. Loks verði bætt við ákvæðum um eðlilegar bætur til eigenda vegna þeirra fastafjármuna sem þeir glata ef afnotarétturinn er ekki endurnýjaður.

4. Handhafa virkjunarleyfis raforku / raforkuviðskiptaleyfis með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða króna verði óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. 2., og 6. gr. Hér er í raun verið að mæla fyrir um uppskiptingu á tilteknum fyrirtækjum og í athugasemdum er m.a. vísað í almenna stefnumörkun sem í gildi sé innan ESB (inngangur, bls. 5), en gildandi Evrópuréttur kveður hins vegar engan veginn á um slíkan fyrirtækjaaðskilnað. Á Íslandi er staðan þannig að þar sem saman fer í einu fyrirtæki sú starfsemi sem hér er um rætt er það gert með bókhaldslegum aðskilnaði. Innan Samorku eru áherslur misjafnar í þessum efnum. Sum fyrirtæki styðja slíka uppskiptingu með vísan í að gagnsæi verði tryggt og þannig stuðlað að eðlilegri samkeppni, enda hafi upphaflega verið gert ráð fyrir slíkum aðskilnaði í fyrri raforkulagafrumvarpi. Sum fyrirtæki hafa þegar farið slíka leið, önnur gera við þetta alvarlegar athugasemdir og segja uppskiptingu óþarfa, bókhaldslegur aðskilnaður tryggi þau sjónarmið sem þarna um ræðir. Samorka tekur því ekki beina afstöðu gagnvart þessu atriði, en hér skal þó vakin athygli á því að slík uppskipting mun í einhverjum tilfellum hafa í för með sér verulegt rekstrarlegt óhagræði og jafnvel



verulega aukinn kostnað, sem eingöngu getur endað hjá notendum þjónustunnar – heimilum, fyrirtækjum og stofnunum.

5. Hitaveitu með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða króna, sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis, verði óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar skv. einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, en þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hafi sambærilega stöðu. 11. gr. Að mati Samorku er engin ástæða til að innleiða slíkt ákvæði í lög og vísast þar t.d. í fyrrnefndan bókhaldslegan aðskilnað í rekstri umræddra fyrirtækja sem og í ákvæði almennra samkeppnislaga. Þá má spyrja þeirrar spurningar hér hvaða merkingu beri að leggja í orðasambandið að „stunda“ tiltekna starfsemi. Á það við ef fyrirtæki eiga dótturfélög sem stunda aðra starfsemi? Samorka leggst gegn þessu ákvæði í 11. gr.

6. Dreifiveitu raforku eða hitaveitu með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða króna verði óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar skv. sérleyfum og lögum þar að lútandi, en þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hafi sambærilega stöðu. 5. og 11. gr. Samorka leggst gegn þessum ákvæðum, með vísan í málslið 5 hér að ofan.

Að lokum

Samorka leggst þannig gegn flestum helstu efnisatriðum umrædds frumvarps, er varða takmarkanir á eignarhaldi fyrirtækja og auðlinda og hafa því m.a. í för með sér rýrnun á efnahagslegu virði fyrirtækja og auðlinda í eigu sveitarfélaga. Þá telur Samorka ákvæði frumvarpsins um frekari takmarkanir á umsvifum orku- og veitufyrirtækja algerlega óþörf og minnir á að stjórnvöld hafa öll tækifæri til að stýra starfsemi þessara fyrirtækja og meðferð á auðlindum með einfaldri löggjöf og reglusetningu. Loks bendir Samorka á að ákvæði um uppskiptingu fyrirtækja geta haft verulegan kostnaðarauka í för með sér. Verði frumvarpið að lögum leggur Samorka hins vegar mikla áherslu á mikilvægi aðkomu að nefndarstarfi því sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði III, þar sem fjalla á um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri